

Fylgiskjal II

Könnun á innleiðingarferli jafnlaunavottunar

Skrifstofa jafnréttismála í forsætisráðuneytinu lét Maskínu gera könnun um innleiðingarferli jafnlaunavottunar meðal þeirra 76 fyrirtækja og stofnana sem öðluðust jafnlaunavottun fyrir lok 30. apríl. Svarhlutfallið var 76,5%.

Áhrif

81% svarenda voru fremur eða mjög ánægðir, 16% voru í meðallagi ánægðir og 2% fremur óánægðir.

64% svarenda töldu jafnlaunavottun hafa jákvæð áhrif á starfsánægju en 36% töldu vottunina hafa engin sérstök áhrif.

75% svarenda töldu innleiðingu á jafnlaunakerfinu auka yfirsýn og skilvirkni í rekstri.

51% svarenda höfðu ekki öðlast vottanir fyrir stjórnunarstaðal áður.

Flestir svarenda notuðu niðurstöður launagreiningar til úrbóta á jafnlaunakerfinu. Alls 60% leiðréttu laun starfsfólks sem mældust of lág og 11% leiðréttu laun hópa sem mældust of lág.

Þriðjungur svarenda mældi fleiri jafnréttisþætti en til var ætlast af staðlinum, t.d. fjölda kvenstjórnenda, skipan í stjórnir og nefndir, kynjahlutfall í starfaflokkun, endurmenntun o.s.frv.

Áskoranir

Það sem reyndist mest íþyngjandi við innleiðingu voru flokkun starfa, gerð verklagsreglna, tímaskortur og vottunarferli. Kostnaður var í 8. sæti af 12 mögulegum svörum. Kostnaður reyndist því ekki svarendum mjög íþyngjandi þáttur.

Samkvæmt svörum var raunkostnaður við heildarferlið frá nokkrum hundruðum þúsundum til ríflega 4 m.kr. 68% svarenda náðu að halda kostnaði undir 2 m.kr. Flestir ofreiknuðu kostnað í upphafi ferilsins.

Lengd innleiðingarferlis var misjafnt, allt frá innan við hálf t.ár til 2ja ára. Ríflega 2/3 svarenda náðu að klára ferlið innan 18 mánaða. Flestir vanreiknuðu tímann í upphafi ferlisins.

Launamunur – óleiðréttur/leiðréttur

Óleiðréttur launamunur var frá 0,5-30% hjá 30 aðilum, konum í óhag og 2-2,5% hjá 8 aðilum, körlum í óhag.


Leiðréttur launamunur var 0,2%-5,5% konum í óhag hjá 30 aðilum eða að meðaltali 2%, en 0,1-2% körlum í óhag hjá 8 aðilum, að meðaltali 0,8%.

39. Almennt séð, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með að hafa innleitt Jafnlaunastaðalinn?

Veldu rekstrarform:

Allir

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	30	61,2%
Fremur ánægð(ur) (4)	10	20,4%
Í meðallagi (3)	8	16,3%
Fremur óánægð(ur) (2)	1	2,0%
Mjög óánægð(ur) (1)		
Gíld svör	49	100,0%
Svöruðu ekki	9	15,5%
Heildarfjöldi	58	100,0%




Meðaltal:	4,41
Víkmörk (±):	0,24
Staðalfrávik:	0,84

38a. Hversu mikinn áætlar þú raunkostnað fyrirtækisins/stofnunarinnar vegna innleiðingar Jafnlaunastaðals ÍST85:2012?

Veldu rekstrarform:

Allir

	Fjöldi	%
Minna en milljón	5	16,7%
1 til 2 milljónir	7	23,3%
Meira en 2 til 3 milljónir	4	13,3%
Meira en 3 til 4 milljónir	7	23,3%
Meira en 4 milljónir	7	23,3%
Gíld svör	30	100,0%
Svöruðu ekki	28	48,3%
Heildarfjöldi	58	100,0%



41. Hvern telur þú mesta ávinning af jafnlaunavottun vera fyrir fyrirtækið/stofnunina?

Getum sannað starfsmenn hafi sama rétt til launa innan sama starfsflokks.

Gæðastimpill að vera með vottað jafnlaunakerfi.

Gæði verkferla hefur aukist, bætt ímynd, auðveldar ráðningar.

Hefur áhrif á starfsánægju og er hagsmuna- og gæðamál fyrir stofnunina.

Heilbrigð umræða um laun.

Innleiðing gæðakerfis og verklags við skjölun og eftirlit.

Jafnrétti.


Meiri skjalfesting á launaákvörðun og meiri samræming milli starfa.

Merki um fagleg vinnubrögð í mannaúts og jafnréttismálum í það heila, enda margt sem verður betra, skýrara, faglegra, skráðara o.þ.h. með tilkomu vottunar.

Orðspor að það sé vottað að til sé kerfi við launasetningu sem mismunar ekki eftir kyni.

9. Þegar þú lítur til baka eftir að vottun er lokið, hvaða atriði reyndust mest íþyngjandi?


Gefinn var kostur á að raða velja 3 atriði af 12 og setja þau í mikilvægröð. Eins og sjá má settu 3,6% kostnað í fyrsta val, 1,9% í annað val og 5,9% í þriðja val.



23. Hvernig voru niðurstöður launagreiningar notaðar til úrbóta á jafnlaunakerfinu?

Veldu rekstrarform:

Allir



Ekki ástæða til breytinga.

Ekki reyndist mikil þörf til breytinga.

Ekki talið þurfa að leiðrétta mun.

Engar breytingar voru gerðar á launum.

Leiðrétting á launum einstaklinga sem mældust of háir.

Nokkrir einstaklingar (útlagar) frystir.

Sérstök tilvik yfirfarin og leiðrétt.

Við þurftum ekki að gera neinar úrbætur.

Við þurfum ekki að gera breytingar.

Þar sem engin óútskýrður launamunur kom fram var ekkert aðhafst.

Þessar breytingar hafa verið gerðar á nokkurra ára tímabili.